

7
12. apríl

um nemenda, dugnaði og reglusemi. Mentamálaráðið skal eftir fremsta megni, með aðstoð sendimanna Íslands erlendis, hafa eftirlit með, að styrkþegar fari vel með fje sitt og tíma, og sje sannlega út af brugðið, getur nefndin svift þá framhaldsstyrk.

- f. Að úthluta ókeypis fari milli Íslands og annara landa til manna, sem fara til útlanda til alþjóðargagns.
- g. Að hafa á hendi yfirstjórn sjóða, er stofnaðir kunna að verða með sjerstökum lögum til eflingar lista og vísinda á Íslandi, enda sje mentamálaráðinu falið þetta vald í stofnskrám sjóðanna.

3. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin öll eldri lög og fyrirmæli, er fara í bága við lög þessi.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Skagen, 12. apríl 1928.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Jónas Jónsson.

8
15. apríl

LÖG

um

einkasölu á útfluttri síld.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Frá 1. maí 1928 skal vera einkasala á allri saltaðri og kryddaðri síld eða verkaðri á annan hátt til útflutnings á Íslandi eða í ís-

lenskri landhelgi, og nefnist þessi einkasala „Síldareinkasala Íslands“. Heimilt er þó innlendum verksmiðjum að selja til útlanda beinlausa^{15.} ap síld og síld lagða í olíu eða krydd í dósum.

2. gr.

Útflutningsnefnd hefir yfirstjórn á öllum framkvæmdum einkasölunnar. Fimm menn eiga sæti í þeirri nefnd, og skulu þeir allir vera búsettir við Eyjafjörð eða Siglufjörð, eða hafa aðsetur þar að minsta kosti frá miðjum júní til septemberloka. Þrír af nefndarmönnum skulu kosnir með hlutfallskosningu í sameinuðu þingi til þriggja ára, í fyrsta sinn á Alþingi 1928, en tveir tilnefndir til þriggja ára í senn, annar af verklyðssambandi Norðurland, en hinn af þeim mönnum, er gerðu út skip á síldveiðar næsta ár á undan kosningu, og kemur eitt atkvæði fyrir hvert skip, þar með taldir mótorbátar. Fer kosningin fram eftir reglum, er atvinnumálaráðuneytið setur. Jafnmargir varamenn sjeu kosnir. Útflutningsnefnd kýs í byrjun hvers árs formann fyrir það ár. Fáir enginn nefndarmanna meiri hluta atkvæða (3 af 5), skipar atvinnumálaráðherra formanninn.

3. gr.

Útflutningsnefnd ræður þrjá framkvæmdarstjóra, er sjeu jafnir að völdum. Skulu þeir hafa skrifstofu á Siglufirði. Framkvæmdarstjórnarnir hafa á hendi í umboði útflutningsnefndar alla daglega stjórn og umsjón einkasölunnar og ferðir í hennar þarfir. Sje framkvæmdarstjóri ráðinn innan nefndarinnar, tekur varamaður við sæti hans í nefndinni. Kosning framkvæmdarstjóra er því aðeins gild, að hann fái minst 3 atkvæði. Fáir einhver ekki þann atkvæðafjölda, skipar atvinnumálaráðherra í auð sæti. Framkvæmdarstjórar mega ekki reka síldarútveg eða síldarsöltun.

4. gr.

Þessi eru störf framkvæmdarstjóranna:

1. Að ákveða í samráði við útflutningsnefnd, hvenær söltun og kryddun síldar eða verkun á annan hátt til útflutnings byrjar ár hvert, og einnig hvenær hætta skuli söltun og kryddun árlega eða verkun á annan hátt til útflutnings.
2. Að setja umboðsmenn, er hafa eftirlit með allri vinnu í hverri verstöð, þar sem síld er verkuð til útflutnings. Ákveða þessir umboðsmenn, í samráði við útflutningsnefnd og framkvæmdarstjóra, um alla meðferð á síldinni, flokkun eftir gæðum, umbúðir um síldina o. fl., alt samkvæmt þar að lútandi reglugerð, sbr. 14. gr. Enga síld má salta, krydda eða verka á annan hátt til útflutnings,

8
15 apríl

nema með leyfi þessara umboðsmanna einkasölnunnar. Þóknun til umboðsmanna þessara greiða síldarútflytjendur.

3. Að selja alla saltaða og kryddaða síld eða verkaða á annan hátt til útflutnings fyrir einkasölnuna og skila til síldareigenda andvirði síldar, er einkasalan selur, jafnótt og það greiðist, að svo miklu leyti sem unt er, að frádregnum kostnaði við starfrækslu einkasölnunnar og því, er legst í sjóði. Skal miða greiðslu við árlegt meðalverð allrar síldar af sömu tegund og gæðum. Hafi einkasölnunni verið afhent meira af síld til sölu en hún hefir getað selt í það sinn, skiftist andvirði þeirrar síldar, er seld hefir verið, hlutfallslega milli allra, sem búnir eru að afhenda síld til útflutnings. Heimilt skal einkasölnunni að selja innanlands þá síld, sem hún telur ekki tilvinnandi að flytja út.
4. Að gera tilraunir með nýjar aðferðir við verkun síldar og opnun nýrra markaða, sbr. 8. gr., og hafa aðrar framkvæmdir með höndum, er fram kunna að verða teknar í reglugerð hjer að lútandi og crindisbrjefum þeim, er framkvæmdarstjórunum verða sett.

5. gr.

Framkvæmdarstjórninni er heimilt:

- a. Að taka fje að láni út á síldina, jafnótt og hún er fullverkuð til útflutnings, og skifta því í rjettum hlutföllum milli síldareigenda, eftir magni og gæðum þeirrar síldar, er þeir hafa afhent einkasölnunni, enda hvíli engin önnur veðbönd á síldinni.
- b. Að liðsinna viðskiftamönnum einkasölnunnar um útvegum á tunn-um og salti til verkunar síldinni, ef orðið getur án fjárhættu fyrir einkasölnuna.

6. gr.

Nú er nauðsynlegt, vegna einkasölnunnar eða verkunar á síld til útflutnings, að tryggja einkasölnunni afnot af bryggjum eða landi, er einstakir menn eiga eða ráða yfir, og getur ríkisstjórnin látið taka það til afnota, eftir tillögum einkasölnunnar, fyrir leigu, er dómkvaddir menn meta.

7. gr.

Þeir, sem ætla sjer að salta síld, krydda eða verka á annan hátt til útflutnings, skulu fyrir 15. apríl ár hvert tilkynna skriflega framkvæmdarstjórum einkasölnunnar, hve mikið þeir ætli sjer að verka af síld til útflutnings á því ári. Hverri tilkynningu fylgi þær upplýsingar og skilríki, sem föng eru á og gera það sennilegt, að framleiðandinn hafi tök á að verka svo mikla síld, sem hann óskar eftir að fá selda, enda tilgreini hann nöfn og tölu þeirra báta, er hann hygst að nota til veiðanna, og hve mikið hann ætli hverjum þeirra að veiða í salt. Komi þá

í ljós, að ástæða sje til að óttast of mikla framleiðslu, getur nefndin takmarkað framleiðsluna og ákveðið fyrirfram, hve mikla síld hver síldarframleiðandi megi verka til útflutnings, enda skal sú ákvörðun tilkynnt honum í síðasta lagi 1. júní ár hvert. Að jafnaði skal slík takmörkun koma niður á öllum tilkynntum framleiðendum hlutfallslega, svo sem unt er, nema ástæða þyki til að telja fyrirætlanir einhvers þeirra um síldarverkun úr hófi fram, eftir ástæðum hans og fyrirframgerðum ráðstöfunum til undirbúnings. Má í því efni hafa til hliðsjónar aðstöðu hans til framleiðslunnar, svo sem skipakost og bryggju, framleiðslumagn hans undanfarin ár, vöruvöndun og skilsemi.

Fyrirframákvörðun nefndarinnar um síldarmagn hvers framleiðanda skal ekki vera því til fyrirstöðu, að nefndin slíti allri síldarsöltun, kryddun eða verkun á annan hátt samkvæmt 1. lið 4. greinar, er henni þykir nauðsyn til bera, þó sumir hafi þá ekki verkað alla þá síld, er þeir höfðu leyfi til. Að jafnaði skal þá tekið tillit til þess, að veiðitími reknetabáta nær lengra fram eftir haustinu en herpinótaskipa, og söltun hjá þeim því eigi stöðvuð jafnsnemma og hjá herpinótaskipum.

8. gr.

Myndaðir skulu tveir sjóðir, varasjóður og markaðsleitarsjóður, og skal renna í varasjóð $\frac{1}{4}\%$ en í markaðsleitarsjóð $\frac{3}{4}\%$ af andvirði seldrar síldar. Sjóðum þessum skal stjórnað af útflutningsnefnd samkvæmt reglugerð, er samin verður um meðferð þeirra, staðfestri af atvinnumálaráðherra.

9. gr.

Reikningsár einkasölnunnar skal vera frá 15. apríl til jafnlengdar ár hvert. Stjórn einkasölnunnar skal fyrir lok maímánaðar árlega birta í Lögbirtingablaðinu endurskoðaðan reikning einkasölnunnar og skýrslu um störf hennar á liðnu reikningsári.

10. gr.

Heimili einkasölnunnar og varnarþing er á Akureyri.

11. gr.

Einkasalan er undanþegin tekjuskatti og aukaútsvari, enda greiðir hún síldareigendum alt andvirði síldarinnar, að frádregnum kostnaði og sjóðfje, sbr. 4. gr. 3.

12. gr.

Ríkisstjórnin skipar tvo endurskoðendur einkasölnunnar og tvo til vara og ákveður þóknun fyrir störf þeirra. Hafa þeir altaf aðgang að reikningum einkasölnunnar.

8

15. apríl

13. gr.

Laun framkvæmdarstjóra skulu ákveðin af útflutningsnefnd, en þóknun útflutningsnefndarinnar af ríkisstjórninni. Framkvæmdarstjórar ráða sjer starfsmenn, svo sem þeir telja nauðsynlegt, en útflutningsnefnd ákveður laun þeirra.

14. gr.

Atvinnumálaráðuneytið semur reglugerð um skoðun á síld og nánari framkvæmdir einkasölnnar.

15. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum, er settar kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum, frá 1000—50000 krónum, og getur einkasalan, ef brot er ítrekað, neitað að taka til sölu útflutningssíld frá þeim, sem brotið hefir.

Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu rekin sem almenn lögreglumál.

16. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög frá 15. júní 1926, um sölu á síld, og lög frá 26. nóv. 1919, nr. 56, um skoðun á síld, svo og öll önnur lagaákvæði, sem koma í bága við þetta.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Á kvæði um stundarsakir.

Þeir, sem á árinu 1928 ætla sjer að salta síld, krydda eða verka á annan hátt til útflutnings, skulu hafa frest til 15. maí með að tilkynna skriflega framkvæmdarstjórum einkasölnnar, hve mikið þeir ætli sjer að verka af síld á árinu.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 15. apríl 1928.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.